

Steinar – þemaverkefni

Kynning

Meginmarkmið verkefnisins er að beina athygli nemenda að nánasta umhverfi þeirra. Viðfangsefni um steina höfðar vel til þessa aldurshóps. Tilgangurinn með verkefninu er m.a. að nemendur læri að greina á milli algengustu steinategunda og þekki algeng orð tengd þeim. Þetta verkefni tengir saman margar námsgreinar, eins og t.d. íslensku, lífsleikni, samfélagsfræði, list- og verkgreinar (t.d. textíl, myndmennt, smíði og tónmennt) og tölvu- og upplýsingatækni. Eitt af markmiðum þessa verkefnis er að kynna nemendum hvernig nota má tölvu- og upplýsingatækni sem verkfæri í skólastarfi og læra um leið hvernig hún virkar.

Verkefni um steina

Við lesum umhverfi okkar með þeim orðum sem við höfum tileinkað okkur. Ný orð opna barninu nýja heima. Umhverfið tekur á sig nýjan svip. Þar sem áður voru strá og blóm birtast nú grös, fjflar og sóleyjar. Það sem áður var bara steinn greinist í sundur í steina ólíka að lögun, lit og áferð. Og það sem hefur hlotið heiti kemur til manns og kallar á nánari skoðun: Hvernig ertu, sóley?

(Tekið úr aðalnámskrá grunnskóla 2006)

Vinnuferli

Nemendur fara í vettvangsferð og skoða steina í umhverfinu. Þeir velta fyrir sér mismunandi eiginleikum og útliti steina. Hægt er að útbúa augu, munn og nef til að setja á steinana úti í náttúrunni og búa til trölla- eða álfaandlit. Nemendur geta tekið með sér stein úr umhverfinu til að vinna með í skólastofunni, t.d. að finna þyngd hans, nota hann sem fyrirmynd í myndverk eða búa til listaverk, m.a. þæfa utan um hann. Ef aðgangur að steinasafni er fyrir hendi þá vekur það áhuga nemenda.

- Nemendur hlusta á sögur um steina – álfa – tröll (bekkjarstofa/bókasafn).
- Nemendur hlusta á ljóð um steina – álfa – tröll (bekkjarstofa, bókasafn).
- Nemendur fá fyrirlestur/kynningu (ferð með vísindamanni) um steina – hvernig þeir verða til, hvers konar steinar eru til og af hverju þeir eru eins og þeir eru (mjúkir, harðir, mislitir, hrufóttir, hraunóttir o.s.frv.).
- Útikennsla/vettvangsferð – skoða nærumhverfi skólans og finna þar steina til að skoða nánar í skólastofunni (víðsjá, vigt, umfang o.s.frv.).
- Nemendur skoða steina í steinasafni skólans eða í nærliggjandi umhverfi.
- Nemendur finna orð, rímorð, orðatiltæki og málshætti sem minna á steina.
- Nemendur safna steinum og velja sér einn stein (úr steinasafninu, úr vettvangsferð eða að heiman). Nemendur teikna mynd af steininum og segja frá hvar þeir fundu/fengu hann og af hverju þeir völdu hann. Hvaðan þeir halda að hann hafi komið eða hvernig hann hafi orðið til.
- Nemendur skoða fræðibækur um steina og reyna að finna upplýsingar um steininn sem þeir fundu/völdu sér.
- Nemendur búa til ljóð um stein.
- Nemendur teikna og/eða leika málshátt um stein.
- Nemendur þæfa utan um stein.

- Nemendur segja sögu um stein sem er tekin upp í Photo Story eða Movie Maker og tengist myndinni af steininum. Einnig má leyfa nemendum að skrifa sögu um stein sem þeir myndskreyta og sett er inn í Photo Story eða Movie Maker.
- Á skólasafninu fá nemendur sögustundir og fræðibækur til að skoða/lesa.

Námsmat

- Sjálfsmat nemanda á þar til gerðu matsblaði.
- Umsögn/mat kennara/bókasafnsfræðings á þar til gerðu matsblaði.